

Mál nr. 119/2007
M og
Vátryggingafélagið V h.f.

Ágreiningur um umfang tjóns og bótafjárhæð.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.6.2007 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 2.7. ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

Leki var í íbúð og þurfti að skipta um parket og voru rifnir veggir. V féllst á greiðslur bóta en ágreiningur varð um hvað ætti að bæta. M telur að hann hafi orðið að grípa til þeirra aðgerða sem hann gerði en V telur að þær hafi verið umfangsmeiri en efni stóðu til og vísar til 9.gr. vátryggingaskilmála en M hafi ekki gefið V kost á því að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst. V hefur boðið M greiðslu kr. 233.000 að frádreginni eigin áhættu kr. 54.000.-

Álit.

M hefur ekki sýnt fram á það í framlögðum gögnum að nauðsyn hafi borið til að grípa til þeirra aðgerða sem hann gerði áður en starfsmönnum V gafst kostur á að skoða og meta hvað gera þyrfti. Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki séð að M eigi rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið sbr. hér að ofan.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið.

Reykjavík 17.7. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.